



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 25. apríl 2017

Ákvörðun nr. 16/2017

Samruni Johan Rönning hf. og Vatns og veitna ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 23. mars 2017, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Johan Rönning hf. (hér eftir Johan Rönning) á öllu hlutfé Vatns og veitna ehf. (hér eftir Vatn og veitur). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, sbr. síðari breytingar. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Samkeppniseftirlitið mat samrunaskrána fullnægjandi og var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi, dags. 4. apríl 2017. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 24. mars 2017.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samskipti við ýmsa aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum og gefið þeim færi á að leggja fram sjónarmið. Þá hefur Samkeppniseftirlitið haft til hliðsjónar upplýsingar sem aflað var í tengslum við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samruna Johan Rönning hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf., sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 2/2017. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið hér.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér kaup Johan Rönning á öllu hlutfé Vatns og veitna. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt.

Í samrunaskrá kemur fram að Johan Rönning er í 99,9% eigu Akso ehf. Akso ehf. fer einnig með 100% hlut í S. Guðjónssyni ehf. sem og 100% hlut í Rekstrarfélaginu



Klettagörðum ehf. sem fer með 100% hlut í Áltaki hf. Systurfélög Akso ehf. eru Sindrandi ehf., Módelhús ehf. og KG25 ehf.

1. Nánar um samrunaaðila og helstu keppinauta

1.1 Vatn og Veitur ehf.

Í samrunaskrá kemur fram að Vatn og veitur hafi verið stofnað árið 2010. Félagið er lítið lagnafyrirtæki fyrir fagmenn (pípulagningamenn) og vatnsveitur á Íslandi. Allt hlutafé félagsins er í eigu seljandans ALM ehf. Vatn og veitur sérhæfa sig í innflutningi á efni til miðstöðvar- og neysluvatnslagna og vatnsveituefni. Félagið selur þó hvorki miðstöðvarofna, sprinkler-kerfi né hreinlætistæki („hvítvöru“) og starfar ekki á smásölumarkaði.

1.2 Akso ehf.

Akso ehf. er eignarhaldsfélag sem heldur utan um eignir í Klettagörðum ehf., S. Guðjónssyni ehf. og meirihlutaeign í Johan Rönning. Akso ehf. er í eigu tveggja einstaklinga að jöfnu. Systurfélög Akso ehf. eru Módelhús ehf., KG25 ehf. og Sindrandi ehf. Módelhús ehf. og KG25 ehf. starfa bæði á fasteignamarkaði en Sindrandi ehf. er almennt fjárfestingafélag.

1.3 Johan Rönning ehf.

Samkvæmt samrunaskrá er Johan Rönning sérverslun sem leggur áherslu á að þjóna fyrirtækjamarkaði. Stærsta svið félagsins, með áætlaðri [...] ¹% af heildarsölu félagsins, annast sölu á rafbúnaði, allt frá smáspennu til háspennu. Meginstarfsemi rafbúnaðarsviðs félagsins felst í þjónustu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað. Annað stærsta svið félagsins, með rúmlega [...] ²% af heildarsölu félagsins, er rekið sem sérstök deild undir nafninu Sindri. Sindri flytur inn og selur rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. Sindri býður einnig upp á sérhæfðar lausnir í byggingadeild svo sem flóttastiga, ristar og þrep, bílskúrs- og iðnaðarhurðir, lagerhillur og brettarekka. Þriðja svið félagsins er rekið undir nafninu Sindri vinnuföt, en sú rekstrareining þjónar iðnaðar- og byggingamarkaðnum með vinnuföt, öryggisskó og aðrar öryggisvörur. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum eru keppinautar Johan Rönning m.a. Reykjafell hf., Ískraft (Húsasmiðjan ehf.), Smith & Norland hf., Fálkinn hf., Byko ehf., Rafport ehf., Verkfærasalan ehf., Klettur – sala og þjónusta ehf. og Vinnuföt, heildverslun ehf. Fjórða svið félagsins með um [...] ³% af áætlaðri heildarsölu er rekið undir nafninu **Efnissalan**, en þar er um að ræða deild sem selur vörur til pípulagna.⁴ Um er að ræða nýja starfsemi hjá Rönning, sem á rætur að rekja til kaupa Johan Rönning á vörubirgðum Efnissölunnar, sem fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017, *Samruni Johan Rönning hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf.*

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Til aðgreiningar frá öðrum rekstri Johan Rönning verður hér eftir vísað til „Efnissölunnar“ þegar til umfjöllunar er pípulagnadeild Johan Rönning.



1.4 S. Guðjónsson ehf.

Samkvæmt samrunaskrá er S. Guðjónsson ehf. félag sem starfar aðallega við innflutning á lýsingar-, raf- og tölvulagnabúnaði. Helstu viðskiptavinir þess eru verktakar, arkitektar, rafvirkjar og aðrir iðnaðarmenn. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum eru keppinautar S. Guðjónsson ehf. m.a. Reykjafell hf., Ískraft (Húsasmiðjan ehf.), Rafkaup hf., Rafport ehf., Smith & Norland hf., Nortek ehf., Byko ehf., BAUHAUS slhf., Lumex ehf., Miklatorg hf. (Ikea), Securitas hf., Öryggismiðstöð Íslands hf., Ljósvirki ehf. Tengir hf. Rafmiðlun hf., Set ehf., Lýsing & hönnun ehf., Jóhann Ólafsson & Co ehf., Rafvörumarkaðurinn ehf. o.fl.

1.5 Klettagarðar ehf.

Klettagarðar ehf. er félag sem stofnað var í þeim tilgangi að fara með hluti í Áltaki ehf. og hefur ekki með höndum aðra starfsemi. Fjallað var um kaup Rekstrarfélagsins Klettagörðum á öllu hlutfé í Áltaki ehf. í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2016, *Kaup Rekstrarfélagsins Klettagarða ehf. á öllu hlutfé í Áltaki ehf.*

1.6 Áltak ehf.

Áltak ehf. starfar að sögn samrunaaðila á byggingavörumarkaði, þ.e. þeim hluta hans sem lýtur að klæðningum, innanhúss sem utan. Fyrirtækið framleiðir og selur þak- og veggklæðningar utanhúss, þakglugga, festingar, undirkerfi og reykkræstibúnað, svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt selur fyrirtækið kerfisloft og -veggi, innihurðir og reyk- og eldvarnartjöld. Auk þess starfrækir Áltak ehf. mótaleigu þar sem unnt er að fá leigð steypumót til húsbygginga, en félagið á einnig tiltekna vörur á lager sem boðnar eru til sölu þessu tengt, svo sem plötur, mótakrossvið, o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum eru keppinautar Áltaks m.a. Húsasmiðjan ehf., Byko ehf., Málmtækni hf., Parki ehf., Þ.Þorgrímsson & Co ehf., Armar ehf., Múrbúðin ehf., Birgisson ehf., Egill Árnason ehf., Límtré Vírnet ehf., Fashion group ehf., Landstólpi ehf., Ísól ehf. og Idex ehf.

III.

Niðurstaða

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samrunaaðilar telja áhrif samrunans hér innanlands eingöngu vera á markaði fyrir pípulagnaefni. Að mati samrunaaðila má skipta pípulagnamarkaðnum gróflega í nokkra þætti eða vörusvið, þ.e. stál og fittings, álplast (pressuefni), koparefni, plast frárennislagnir, gólfagnir, hitalagnir, PP plastlagnir, sprinkler kerfi (til brunavarna), veituefni, blöndunartæki o.þ.h. Í samrunaskrá kemur fram að Vatn og veitur hafi unnið á



öllum framangreindum sviðum, að því frátöldu að félagið selji ekki miðstöðvarofna, sprinkler kerfi eða hreinlætistæki (hvítvöru). Þá hafi Efnissalan sömuleiðis unnið á þessum mörkuðum öllum, að því frátöldu að félagið selji ekki miðstöðvarofna. Þá hafi framboð Efnissölunnar af hreinlætistækjum verið takmarkað. Efnissalan hafi heldur ekki selt sérhæfðar vörur fyrir vatnsveitur.

Hvað landfræðilegan markað málsins varðar þá vísa samrunaaðilar til þess að samrunaaðilar selji vörur sínar einungis á Íslandi, sem líta verði á sem eitt markaðssvæði í þessu tilliti.

Ljóst er af því sem fram kemur í samrunaskrá að Johan Rönning starfar á ýmsum undirmörkuðum hins alhliða byggingavörumarkaðar. Ber þar helst að nefna innflutning og dreifingu á raflagnaefni, rafvörum og skyldum vörum (hér eftir rafvörur). Þá starfar Johan Rönning jafnframt við innflutning og dreifingu á pípulagnavörum og skyldum vörum. Fjallað var um framangreinda markaði og stöðu félagsins á þeim í fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017. Í því máli var um svokallaðan samsteypusamruna (e. *conglomerate merger*) að ræða og tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar hvort skaðleg samsteypuáhrif gæti leitt af samrunanum. Í ákvörðuninni kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að sterkar vísbendingar væru um að Johan Rönning væri í öflugri stöðu á markaði fyrir innflutning og dreifingu á rafvörum. Var það þó niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki væru líkur á að umræddur samruni kynni að hafa í för með sér útilokunaráhrif og þar með skaðleg samsteypuáhrif.

Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá getur Samkeppniseftirlitið tekið undir það með samrunaaðilum að samlegðaráhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta á markaði fyrir innflutning og dreifingu á pípulagnavörum. Fyrir liggur að báðir aðilar starfa á umræddum markaði og er því um láréttan samruna að ræða. Auk samrunaaðila starfa einnig á markaðnum Byko hf., Húsasmiðjan ehf., Lagnalagerinn ehf., Ísleifur Jónsson ehf., Tengi ehf., Danfoss hf., Vatnsvirkinn og Hringás ehf. Til að meta stöðu samrunaaðila á umræddum markaði hafði Samkeppniseftirlitið til hliðsjónar upplýsingar frá embætti Tollstjóra um heildarinnflutning fyrirtækjanna og keppinauta þess fyrir árið 2015, sem aflað var í tengslum við rannsókn eftirlitsins á fyrrgreindum samruna Johan Rönning og Efnissölu G.E. Jóhannssonar. Þær upplýsingar sem aflað var gefa til kynna að hlutdeild samrunaaðila í innflutningi á pípulagnaefni og skyldum vörum sé ekki mikil miðað við aðra keppinauta þeirra.⁵ Veita upplýsingarnar vísbendingu um að hlutdeildin sé frekar lág eða innan við [10-15]%. Aðrir öflugir keppinautar í innflutningi á pípulagnaefni eru m.a. Byko, Vatnsvirkinn, Tengi og Ísleifur Jónsson.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að

⁵ Við mat á hlutdeild samrunaaðila í innflutningi á pípulagnaefni og skyldum vörum skoðaði Samkeppniseftirlitið innflutning félagsins og keppinauta þess í öllum tollskrárnúmerum sem Efnissala G.E. Jóhannssonar ehf. og Vatn og veitur fluttu inn árið 2015. Þessar upplýsingar gefa ekki nákvæma mynd af stöðu aðila á markaðnum en veita þó vísbendingar um að hlutdeild fyrirtækjanna sé frekar lág.



geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar starfa að hluta til á sama markaði, en báðir aðilar starfa við sölu á pípulagnaefni og tengdum vörum. Er því um láréttan samruna að ræða. Eins og áður hefur komið fram er markaðshlutdeild samrunaaðila í kjölfar samrunans ekki það há að hún leiði til markaðsráðandi stöðu á skilgreindum mörkuðum. Þá hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem bendir til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að þörf sé á íhlutun af hálfu Samkeppniseftirlitsins.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Johan Rönning hf. á öllu hlutafé Vatns og Veitna ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson